



ORKUSTOFNUN
Raforkudeild

IÐJUSVÆÐI

Landnýting og landgreining
við Reyðarfjörð 1978

Emil Bóasson

OS79036/ROD12

Reykjavík, ágúst 1979

IÐJUSVÆÐI

**Landnýting og landgreining
við Reyðarfjörð 1978**

Emil Bóasson

OS79036/ROD12

ÁGRIP

Athuganir á landnýtingu hér á landi hafa verið harla litlar. Það er ein af ástæðum þess að ekki er til nein samstæð flokkun.

Reyðarfjarðarsvæðið hefur verið mjög til umræðu sem væntanlegur miðkjarni Austurlands, með tilliti til þjónustu, atvinnulífs og íbúa. Reyðarfjörður virðist einnig þegar á allt er litið eðlilegasti staðurinn fyrir orkufrekan iðnað á Austurlandi. Að firðinum liggja fjögur sveitarfélög, og þar eru tveir þéttbýlisstaðir. Við umræður um framtíð svæðisins hafa vaknað spurningar um landnýtingu, hver hún sé og hver þróunin hafi verið.

Hér er tekin til athugunnar landnýting og land undir 200 m y.s. greint með tilliti til hennar.

Í ljós kemur að tæplega helmingur lands undir 200 m telst gróinn en það samsvarar rúmlega tíunda hluta flatarmáls svæðisins.

Töluverðar búsetubreytingar hafa orðið á svæðinu síðustu áratugi.

Greining á landnýtingu getur gefið vísbendingu um á hvern veg hægt sé að nýta landið í framtíðinni.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP	3
EFNISYFIRLIT	5
TÖFLUSKRÁ	6
MYNDASKRÁ	7
1 INNGANGUR	9
1.1 Viðfangsefni	9
1.2 Tilgangur	9
1.3 Skrif annarra og aðferðir þeirra	10
1.4 Aðferðir og annmarkar í þessu verki	11
2 LANDSNYTJA- OG LANDGREININGARKORTIÐ	13
2.1 Flokkun lands	13
3 BREYTINGAR Á BYGGÐ	19
3.1 Landnýting í þéttbýlissstöðunum við Reyðarfjörð 1945 og 1978	19
3.2 Mannfjöldi við Reyðarfjörð	27
4 SNJÓFLÓÐ OG SKRIÐUFÖLL	31
4.1 Snjóflóð	32
4.2 Skriðuföll	34
5 NIÐURSTÖÐUR	39
LOKAORÐ	45
HEIMILDASKRÁ	47

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð. Flokkun lands....	14
2 Landnýting á Búðareyri 1945 og 1978	20
3 Landnýting á Eskifirði 1945 og 1978	20
4 Fólksfjöldi í sveitum og þéttbýli við Reyðarfjörð 1945 og 1978	27
5 Snjóflóð við Reyðarfjörð	33
6 Skriðuföll við Reyðarfjörð	36
7 Flatarmál sveitarfélaganna við Reyðarfjörð	39
8 Landnýting og landgreining í Helgustaðahreppi 1978	40
9 Landnýting og landgreining í Eskifirði 1978	41
10 Landnýting og landgreining í Reyðarfjarðarhreppi 1978	42
11 Landnýting og landgreining í Fáskrúðsfjarðarhreppi 1978	43
12 Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978	44
13 Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978, eftir aðalflokkum	44

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978 (Í vasa innan á kápu)	
2 Landnýting á Búðareyri 1945	22
3 Landnýting á Búðareyri 1978	23
4 Landnýting á Eskifirði 1945	25
5 Landnýting á Eskifirði 1978	26
6 Mannfjöldi við Reyðarfjörð og skipting hans eftir sveitar- félögum 1945 - 1978	28
7 Íbúar við Reyðarfjörð sem hlutfall af íbúafjölda landsins 1945 - 1978	29
8 Snjóflóð og skriðuföll við Reyðarfjörð	35
9 Ofanföll á Eskifirði	38

1 INNGANGUR

1.1 Viðfangsefni

Í skýrslu þessari er fjallað um landnýtingu og greiningu lands í sveitarfélögunum við Reyðarfjörð eins og hún var í september 1978, en þau eru: Helgustaðahreppur, þ.e. sá hluti sem liggur að Reyðarfirði, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur og það af landi Fáskrúðsfjarðarhrepps, sem liggur að Reyðarfirði (sjá mynd 1). Tekið er til greiningar allt land sem vatn fellur af til Reyðarfjarðar eða Eskifjarðar upp að 200 m hæðarlínu. Skýrslan var upphaflega B.S. ritgerð við Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, maí 1979.

Á vegum Orkustofnunar hefur komið út ein skýrsla í þessum flokki, þ.e. "Iðjusvæði. Frumathugun á staðarvali til iðnreksturs. Áfangaskýrsla", október 1978.

1.2 Tilgangur

Hvers vegna er verið að greina land og forvitnast um landnýtingu?

Tilgangurinn með verkinu er að komast að því hvernig landnýting er við Reyðarfjörð með tilliti til framtíðaráætlana um skipulag. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirrar staðreyndar að svæðið, sem um er fjallað, hefir þótt mjög ákjósanleg framtíðarmiðstöð Austurlands eins og fram kemur í "Austurlandsáætlun" (Hagvangur 1975). Einnig hefir Reyðarfjörður komið til álita í umræðu um staðarval orkufreks iðnaðar á Austurlandi. Í skýrslu Orkustofnunar um það efni, Iðjusvæði (Emil Bóasson & Sigríður Hauksdóttir 1978) fær svæðið 14 punkta af 35 mögulegum og er það hæst gildi staða á Austurlandi. Þegar slíkar hugmyndir eru á kreiki er nauðsynlegt fyrir þá, sem að áætlanagerð vinna, að hafa einhverja úttekt til að byggja á.

Mörg atriði koma til álita í þessu sambandi. Eru þar helst:

Fólksfjöldi, atvinnulíf, landsnytjar, samgöngur, vatnsból, mengunarhætta og náttúruvernd.

Landnýtingarkortið, sem hér birtist (mynd 1), tekur til nokkurra þessarra þátta. Þéttbýli kemur glögg fram, svo og jarðir í ábúð og búskaparland. Helstu vegir eru sýndir. Sýnd eru friðlýst lönd og staðir. Þá er sérstakt kort sem sýnir staði þar sem snjóflóð og skriður hafa fallið svo vitað sé (mynd 8). Höfuðdrættir landslags koma fram á þessu korti, og þar er að finna flest öll örnefni, sem fyrir koma í textanum.

1.3 Skrif annarra og aðferðir þeirra

Ritaðar heimildir um landnýtingu og landgreiningu við Reyðarfjörð eru harla litlar. Þorvaldur Thoroddsen (1931) segir á bls. 252 í Lýsing Íslands: "Reyðarfjörður er stærstur fjörður eystra, og er allbreið undirlendisræma með honum beggja megin, en smádalir skerast upp í fjöllin, þar er því mikil byggð með firðinum." Er þetta vísbending um hvar byggðin var á þeim tíma er Þorvaldur ferðaðist um landið. Þá segir hann á bls. 109: "Á Reyðarfirði eru víða skipalægi allgóð í smávikum beggja megin og verzlunarstaðir eru þar á Eskifirði og inst í Innra-Reyðarfirði að norðanverðu." Skrif Þorvaldar teljast þó varla til skrifa um landnýtingu. Helstu upplýsingar um hana, fram til þessa, er að finna í Landgræðsluáætlun 1974 - 1978 (Eysteinn Jónsson o.fl. 1974). Þar segir um gróðurlendi og nýtingu á bls. 49: "... í Reyðarfirði og Helgustaðahreppi er beutiland mikið en ræktunarland takmarkað." Þetta er mjög almenn lýsing á ástandinu eins og það var á þessum tíma. Þá segir í ofangreindri skýrslu á bls. 169 þar sem fjallað er um "... landskemmdir af völdum gróðureyðingar í Suður-Múlasýslu". "Helgustaðahreppur. ... mikið um blásna mela í hreppnum. Eskifjarðarhreppur. Hlíðin ofan við kaптúnið mjög rofin. Rofinn marbakki innan við bæinn í Eskifirði, en ekki stór svæði blásin í dalnum, ... Reyðarfjarðarhreppur. Marbakkinn ofan við kaптúnið í landi Kollaleiru mjög blásinn. ... mjög blásið land fyrir ofan Bakkagerði og út fyrir kaптúnið og út á Björg ... Hólmaháls allur gróðurlítill og blásinn. Mikið þar um berar klappir. ... Sléttuhlíðin ákaflega rofin og gróðurlítill.

Fáskrúðsfjarðarhreppur. Frá Eyri við Reyðarfjörð út undir Hafranes er allmikill uppblástur." (Eysteinn Jónsson o.fl. 1974). Af þessum tilvitnunum má sjá að um talsverðan uppblástur er að ræða á svæðinu, en jafnframt virðist búskaparland allgott, sérstaklega beutiland.

Erlendis hefir töluvert verið ritað um landnýtingu og aðferðir við að meta hana. Sérstaklega hefir mikil umræða átt sér stað í Bandaríkjum N-Ameríku. Þar hefir verið beitt ýmsum aðferðum við gerð landnýtingarkorta. Síðustu ár hefir áhugi manna einkum beinst að því hvort hægt sé að nota fjarkönnunargögn eingöngu til að gera landsnyttjakort.

1.4 Aðferðir og anmarkar í þessu verki

Við undirbúning þessa verkefnis var reynt að hafa uppi á sem flestum loftljósmyndum af svæðinu. Til eru myndir af öllu svæðinu, að vísu misgamlar, þær elstu frá 1945 en yngri myndir eru til af þéttbýlisstöðum. Loftmyndirnar voru notaðar sem hjálpargögn við vettvangskönnun. Þá var fært inn á loftmyndirnar það sem fyrir augu bar og heyrði til landgreiningar. Ef fram komu óljósir þættir á nýlegum myndum voru þeir leitaðir uppi sérstaklega og athugað hvað þar væri um að ræða. Meginheimildir við gerð landnýtingarkortsins voru 26 loftljósmyndir frá árunum 1945, 1967, 1974, 1975 og 1977. Við gerð annarra kafla var notað ritið Skriðuföll og snjóflóð eftir Ólaf Jónsson (1957) og að auki frásagnir staðkunnugra um það efni. Í kaflanum um breytingar á byggð eru notaðar upplýsingar úr mannfjöldaskýrslum og íbúaskráum Hagstofunnar (1952, 1963 og 1975) ásamt skýrslum og fjölritum sömu stofnunnar. Þá voru notuð ýmis kort og skýrslur sem getið er í heimildaskrá.

2 LANDSNYTJA- OG LANDGREININGARKORTIÐ

Við undirbúning landsnytja- og landgreiningarkorts er margs að gæta.

Hið fyrsta og mikilvægasta er að nota greiningaraðferð og flokkun, sem er svo vel skilgreind og afmörkuð að hægt sé að nota hana til samanburðar annars staðar.

2.1 Flokkun lands

Hafist var handa á miðju síðastliðnu sumri (1978) við að velja greiningaraðferð og semja flokkunina sem hér er notuð. Það verk var unnið af höfundum þessarar skýrslu og Sigríði Hauksdóttur. Til hliðsjónar voru notaðar flokkunaraðferðir sem áður hafa verið notaðar. Þær helstu eru flokkun, sem notuð var við gerð landsnyttjakorts af Reykjavík. Það kort var unnið af nemendum og kennara í landsnyttjanámskeiði í jarðfræðiskor H.Í. á vormisseri 1978. Greiningaraðferðin, sem þar var notuð, var miðuð við landnýtingu í þéttbýli. Aðalfyrirmynd að flokkunaraðferð er sótt í ritið "A Land Use and Land Cover Classification System for Use with Remote Sensor Data" eftir Anderson, J.R., Hardy, E.E., Roach, J.T. & Witmer, R.E. (1976), en þar er fjallað um notkun fjarkönnunargagna við gerð landsnyttjakorta og framsetningu þeirra. Þá er þar og fjallað um vandamál við gerð greiningaflokka. Á bls. 4 segir: "Það er engin fullkomin flokkun á landnýtingu eða landgreiningu til og ólíklegt að svo verði nokkurn tíma. Mismunandi sjónarmið ráða greiningunni og verður hún því alla tíð huglæg jafnvel þó notaðar séu hlutlægar aðferðir" (Anderson o.fl. 1976). Þetta eru orð að sönnu. Þegar áður nefndri flokkun lands var beitt kom í ljós að nauðsynlegt var að gera nokkrar breytingar, m.a. var aðalflokkum af fyrsta stigi fækkað úr 9 í 6 og flokkanöfnum breytt, vegna þess að þau eru miðuð við land með fjölbreyttari landnotkun en hérlendis, hvað þá í Reyðarfirði.

Að loknum samanburði á flokkunarkerfi Andersons og félaga annarsvegar og flokkunarkerfinu, sem notað var við gerð landsnyttjakortsins af Reykjavík hinsvegar, var tekin saman flokkun og hún reynd í Mosfellssveit. Varð þá vart við ýmsa annmarka og má þar nefna að flokkur sem nefndur var brattlendi féll út þar sem talið var að hæðarlínur á korti gæfu það nægilega vel til kynna. Í framhaldi af þessari athugun fóru fram umræður um flokkunina milli Gylfa Mús Guðbergssonar og höfundar skýrslunnar og

urðu þá enn nokkrar breytingar. Þannig varð t.d. aðalflokkurinn skóglendi, að undirflokki í grónu landi og hlutfallstölum gróins lands í flokkun breytt.

Hér á eftir er gerð grein fyrir flokkun lands í Reyðarfirði eins og hún er notuð í verkefninu, eftir þær breytingar sem á henni urðu eftir að flokkunin hafði verið reynd í Eyjafirði og á Reyðarfirði. Fyrst er flokkunin sett upp í töflu (tafla 1) en þar á eftir fer lýsing og nánari skilgreining á hverjum aðal- og undirflokki.

TAFLA 1

Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð. Flokkun lands.

Aðalflokkur

Undirflokkur

Þéttbýlisland

Þéttbýli
Athafnasvæði
Opinberar byggingar utan
þéttbýlis

Gróið land

Ræktað land
Mólendi
Graslendi
Votlendi
Kjarr

Friðlýst land

Friðlýst svæði
Svæði sem æskilegt er að friðlýsa
Friðlýstir staðir

Gróðurlítið land

Gróðurlaust land

Klettar
Urðir, grjót og skriður
Melar
Sandar
Áreyrar
Námur

Ár, vötn og lón

Skilgreiningar á flokkun lands

Þéttbýlisland er allt það land sem á einn eða annan veg hefir verið tekið undir byggingar, s.s. íbúðarhús, skóla, iðnað, verslun og þjónustu.

Þéttbýli er hér skilgreint á sama hátt og Hagstofa Íslands gerir. "Þéttbýlisstaður í þessum skilningi er húsaþyrping, þar sem ekki er lengra milli húsa en 200 m, íbúar ekki færri en 25 og a.m.k. 2/3 þeirra eru taldir lifa af öðru en landbúnaði eða grasrækt. Þó teljast skóla-setur, sjúkrahús og embættissetur í sveitahreppum til strjálbýlis ef þar búa færri en 100 manna". (Hagstofa Íslands, 1975).

Athafnasvæði. Land þar sem iðnað, verslun, geymslusvæði o.fl. þessháttar er að finna, þ.e. svæði þar sem lögð er stund á einhvers háttar atvinnustarfsemi. Undir þennan flokk falla og hafnir, en hugsanlega hefði mátt og má fara að því rök að hafnir hefðu verið í sérstökum undirflokk, samgöngum eða jafnvel að notaður hefði verið yfirflokkurinn samgöngur. Það er þó ekki gert hér þar sem hafnir við Reyðarfjörð eru nátengdar meginathafnalífi svæðisins.

Auk þessara sérstöku flokka teljast til þéttbýlislands opinberar byggingar utan þéttbýlis, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, dæluhús og þess háttar.

Gróið land. Aðalflokkurinn gróið land er skilgreindur sem það land utan þéttbýlislands þar sem gróðurhula er 50 hundraðshlutar og meiri. Grónu landi er skipt í fimm undirflokk:

Ræktað land. Tún, garðlönd og land sem brotið hefir verið til ræktunar, t.d. framræst land.

Mólendi. Land þar sem er að finna algengan móagróður, eins og: krækilyng, fjalldrapa, bláberjalyng, krækiberjalyng, sauðamerg, holta-sóley, mosapembu og snjóðældir.

Graslendi. Það er samkvæmt gróðurkortum Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1966 - 1977) H-flokkur en í þeim flokki eru grös ríkjandi plöntur.

Votlendi. Skv. Gróðurkortum (1966 - 1977) mýrar, flóar og hálfdeigjur.

Kjarr. Hér er um að ræða land þar sem ilmbjörk, grávíðir og fleiri slíkar plöntur eru áberandi.

Friðlýst land. Í þessum flokki eru öll landsvæði sem hafa verið friðuð að lögum: Friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti. Auk þess svæði sem talið

er æskilegt að friða, hafi verið settar fram um það rökstuddar hugmyndir. Undirflokkar eru:

Friðlýst svæði, þ.e. svæði sem eru friðlýst eða friðuð sbr. hér næst á undan.

Svæði sem talið er æskilegt að friða. Þetta eru svæði sem settar hafa verið fram hugmyndir um að þyrfti að friða af einhverjum ástæðum og verður þeirra getið hér á eftir.

Friðlýstir staðir hér er átt við einstaka staði sem þegar eru friðlýstir sem eru það litlir að þeir ná ekki yfir nógu stórt svæði, til þess að það sem slíkt sjáist á korti. Þetta eru náttúruvætti o.þ.h. og eru þau merkt með tákni.

Gróðurlítið land. Þetta eru þau landsvæði þar sem gróðurhulan er á bilinu 10 - 50 hundraðshlutar.

Gróðurlaust land. Gróðurhula minni en 10 hundraðshlutar. Floknum er skipt í eftirfarandi 6 undirflokkar:

Klettar. Hér er átt við berar klappir, björg og kletta, eins og almennt er í íslensku.

Urðir, grjót og skriður. Hér er átt við svæði þar sem stórgrýti er áberandi og/eða hnullungar. Þar sem skriður eru oft á tíðum í nálægð þessara svæða eru þær flokkaðar hér. Þær eru skilgreindar sem svæði með lausum jarðefnum af mismunandi kornastærð, gróðurhulu minni en 10% og halla meiri en 20%.

Melar eru hér notaðir fyrir landsvæði með lausum jarðefnum sem ganga undir ýmsum mismunandi nöfnum eins og t.d.: jökulgarðar, malarásar, malarhjallar, jökulruðningur, melar o.fl. í þeim dúr.

Sandar. Land þar sem kornastærð yfirborðsefnis er 0,02 mm - 2 mm.

Áreyrar. Framburður meðfram árfarvegum, sem ár flæða stundum yfir. Þetta eru malareyrar og sandeyrar.

Námur. Staðir þar sem fram fer grjót-, sand- eða malarnám.

Það kann að vekja nokkrar vangaveltur hvers vegna hafður er sérstakur flokkur fyrir landsvæði sem æskilegt er talið að friðlýsa. Það skal tekið fram til skýringar að hér er ekki byggt á eigin skoðunum höfundar heldur er lýst þeim hugmyndum sem þeir hafa sem láta sig þetta skipta. Hér er lýst hugmyndum Náttúruverndarsamtaka Austurlands, en sjónarmið þeirra verða að vera ljós þegar rætt er um framtíðarnýtingu og skipulag lands við Reyðarfjörð.

Þau eru sett á kortið og nær þekjan fyrir þau (á kortinu) yfir allt svæðið þótt það nái upp fyrir 200 m hæð. Þetta eru svæði sem Náttúruverndarsamtök Austurlands (1973) settu fram sem drög að náttúruminjaskrá:

"Strandlengjan frá Kolfreyjustað að Hafranesi. Afar fögur og fjölbreytileg, með dröngum, bríkum og flesjum og ríkulegu fuglalífi. Granafell í Reyðarfirði. Kjarrivaxin hlið mót suðri og útsýni ágætt út Reyðarfjörð. Kjarrið var friðað um skeið fyrir búfé, en girðing er nú ónýtt og þarf að lagfærast. Gerpissvæðið frá Kaganesi innan við Karlskála að Hellisfjarðarnesi. Til landsins mörk frá Hellisfjarðarnesi inn Hellisfjarðarmúla, Granafell við Oddsdal, Lakahnaus, Nóntind, Grákoll og Víkurheiði í Kaganes. ... Afar fagurt og fjölbreytilegt fjalllendi með líparítinnskotum. ... Fólkvangur Reyðfirðinga innan Búðarár ofan kaupþúns framan í Kollaleiruhálsi. (Náttúruverndarsamtök Austurlands, 1973)"

Þá er þess að geta að þau tvö svæði sem eru til viðbótar á kortinu, þ.e. Breiðdalur sunnan fjarðar og Botn Eskifjarðar, eru þarna sett í framhaldi af umræðum Hjörleifs Guttormssonar og höfundar skýrslunnar um staði sem æskilegt væri að friðlýsa eða friða. Rökin fyrir friðun Breiðdals við Þernunes eru: sérstæð náttúrufegurð og fágætur gróður auk þess sem þetta er áberandi líparíttsvæði frá Reyðarfjarðareldstöðinni. Botn Eskifjarðar, leirurnar og svæðið inn með Eskifjarðará, hefir sérstakt gildi vegna nálægðar við þéttbýli og mikið fuglalíf.

Verður þetta látið nægja um friðlýsingarmál.

3 BREYTINGAR Á BYGGÐ

Þegar hugað er að landnýtingu er nauðsynlegt að athuga hver breyting hafi orðið á byggð og notkun lands um eitthvert árabíl. Landnýting á hverjum tíma gefur vísbendingu um það á hvaða stigi búseta er.

Hérlendis hefir helsta og mesta breyting á búsetu og þar með landnýtingu verið fólksflutningar úr dreifbýli í þéttbýli. Landið hefir verið að taka á sig mynd þéttbýlis með iðnaði og þjónustu, en landbúnaðarþjóðfélagið er að hverfa.

Í framhaldi af þessu þótti forvitnilegt að athuga hver þróunin hefði verið í þessum málum við Reyðarfjörð. Valið var tímabilið 1945 - 1978.

3.1 Landnýting í þéttbýlisstöðum við Reyðarfjörð 1945 - 1978

Ákveðið var að athuga á hvern veg landnýtingu var háttað á þéttbýlisstöðunum Búðareyri og Eskifirði árin 1945 og 1978 og athuga hverjar breytingar hefðu orðið á tímabilinu þar á milli. Árið 1945 var valið með tilliti til þess að elstu loftmyndir af svæðinu eru frá því ári. Loftmyndirnar sem notaðar voru eru þessar: tvær myndir stækkaðar út úr myndum úr flugi 30. ágúst 1945 annars vegar og hins vegar myndir frá 18. september 1974 af Búðareyri og frá 8. ágúst 1977 af Eskifirði, allar frá Landmælingum Íslands. Voru nýrri myndirnar notaðar sem grunnur við vettvangskönnun í september 1978.

Auk loftmynda frá 1945 var leitað umsagnar staðkunnugra er þekktu svæðið það ár. Þar naut höfundur ágætrar leiðsagnar Bóasar Emilssonar, en hann teiknaði í aðalatriðum myndir 2 og 4. Auk þess gaf hann ýtarlegar lýsingar á skriðuföllum á svæðinu allt til þessa dags.

Landnýtingin er sýnd á fjórum kortum sem fylgja með í kaflanum hér á eftir, auk niðurstaðna úr mælingum.

TAFLA 2

Landnýting á Búðareyri 1945 og 1978

Nýting	1945		1978		Breyting
	hektarar	%	hektarar	%	hektarar
Íbúðarhúsnæði	3,0	4,8	38,6	50,0	35,6
Athafnasvæði fiskiðn., versl.	2,3	3,6	16,0	20,7	13,7
Tún	39,6	62,9	17,9	23,2	-21,7
Opin svæði			2,3	3,0	2,3
Ógróið land	11,0	17,4	2,1	2,7	- 8,9
Kirkjug., íþótta- vellir o.þ.h.	0,1	0,2	0,3	0,4	0,2
Braggahverfi	7,0	11,1			- 7,0
Alls	63,0	100,0	77,2	100,0	14,2

TAFLA 3

Landnýting á Eskifirði 1945 og 1978

Nýting	1945		1978		Breyting
	hektarar	%	hektarar	%	hektarar
Íbúðarhúsnæði	10,0	22,0	33,3	52,4	23,3
Athafnasvæði fiskiðn., versl.	12,2	26,8	21,3	33,5	9,1
Tún	18,5	40,7	3,4	5,4	-15,1
Opin svæði			2,4	3,8	2,4
Ógróið land	4,6	10,1			- 4,6
Kirkjug., íþrótta- vellir o.þ.h.	0,2	0,4	3,1	4,9	2,9
Alls	45,5	100,0	63,5	100,0	18,0

Þegar litið er á töflur 2 og 3 kemur eftirfarandi í ljós. Tún hafa minnkað bæði hlutfallslega og í hekturum og eru nær því horfin á Eskifirði. Land undir íbúðarhúsnæði hefir aukist og var 1978 um helmingur af nýttu landi á báðum þéttbýlisstöðunum. Þá hefir athafnasvæði aukist og er nú um fimmti hluti landnýtingar á Búðareyri og Þriðjungur á Eskifirði.

Sé litið til þéttbýlisstaðanna, hvors í sínu lagi, þá kemur eftirfarandi í ljós: Á Búðareyri voru stór braggahverfi í lok annarar heimsstyrjaldar. Þessi hverfi hafa 1978 verið tekin undir athafnasvæði. Auk braggahverfanna hefir athafnalífið sótt land á áreyrina meðfram Búðará, sjá mynd 2.


Á Búðareyri var kominn nokkur vísir að "miðbæ" árið 1945. Var það á Búðareyrinni, innan við Búðará. Þar voru aðalstöðvar Kaupfélags Héraðsbúa með sláturhúsi og vöruskemum, þar var einnig sóknarkirkja. Barnaskólinn var hins vegar rétt utan við ána. Árið 1978 er orðin sú breyting á að nær allt athafnalíf fer fram á Búðareyrinni og hefir íbúðahverfi, sem var á henni 1945, vikið fyrir síldarmjölsverksmiðju og vélaverkstæðum (sjá myndir 2 og 3). Umsvif Kaupfélagsins hafa aukist og Vegagerð ríkisins á Austurlandi hefir sett upp aðalstöðvar sínar þar sem áður var braggahverfi. Póst og síma er einnig að finna á miðbæjarsvæðinu. Skrifstofur hreppsfélagsins eru til húsa í Barnaskólanum sem var 1945. Samkomuhúsi, skóla, íþróttahúsi og sundlaug hefir hins vegar verið valinn staður nokkuð utan við þjónustukjarnann, utan við Búðará í skjóli af svonefndri Oddnýjarheiði (kemur fram sem ógróið land á kortunum). Þá er og töluverð atvinnustarfssemi í fyrrverandi braggahverfi upp með Búðará. Þar er frystihús og trésmíðaverkstæði svo eitthvað sé nefnt.









Eflaust mætti hér tína til fleiri þætti sem hafa tekið á sig aðra mynd en þar verða kortin að tala sínu máli.

Mynd 2

Landnýting á Búðareyri

1945



- | | | | |
|---|-------------------|---|------------------|
|  | Byggð |  | Ípróttav. o.þ.h. |
|  | Opinb. bygging |  | Tún |
|  | Viðskipti |  | Ógróið land |
|  | Fiskverkun o.þ.h. |  | Bragganhverfi |




E.B.maí 1979

80.0710, EB, Múli., F. 19777

Mynd 3

Landnýting á Búðareyri

1978



Á Eskifirði er undirlendi, miklu minna en á Búðareyri. Því hefir aukið land fyrir athafnalífið verið sótt í greipar Ægis. Þar hefir verið gerð mikil uppfylling á leirum fyrir botni fjarðarins og eins hefir uppgröftur frá húsgrunnum verið notaður til að gera uppfyllingar með fjörum fram.

Árið 1945 fór "miðbæjar starfsemi" í hreppnum fram að langmestu leyti á tungu milli Grjótár og Lambeyrarár. Þar var að finna verslanir, oliubirgðastöð, hótél, fiskverkun, brauðgerð o.fl. Þarna voru einnig sýslumaður og héraðslæknir, tannlæknir og prestur en aðsetur þeirra var nokkuð utan við "miðbæinn" ásamt með aðsetri pósts og síma. Þetta ár var landið innan við Grjótá að mestu leyti tún, eða túnblettir, og einnig voru stór tún utan Lambeyrarár, sjá mynd 4.


Nokkur breyting hefir orðið á landnýtingu þegar komið er fram á árið 1978. Fyrir botni fjarðarins er búið að gera mikið athafnasvæði eins og þegar er nefnt. Þar er að finna nokkur fiskiðnfyrirtæki, byggingafyrirtæki og þarna er einnig upp- og útskipunarhöfn. Miðbæjar-kjarninn hefir stækkað og teygst meðfram ströndinni. Á fyrrnefndri tungu hefir verslunum fjölgað og þar er stærsta atvinnufyrirtæki bæjarins með aðalstöðvar. Kjarninn hefir teygst út fyrir Lambeyrará. Þar var Landsbankinn 1945 á árbakkanum. 1978 hefir verið byggt nýtt bankahús á túni sem þarna var áður. Þá hafa risið á þessu túni samkomuhús, bæjarskrifstofur, heilsugæslustöð, hús fyrir póst og síma og matvöruverslun (mynd 5). Þá eru á svæðinu, sem áður var tún, sundlaug og íþróttahús og þar er verið að reisa grunnskólahús.








Loks er þess að geta að þéttbýlisstöðunum er það báðum sameiginlegt, að tölverð atvinnustarfssemi hefir farið fram og fer enn meðfram strandlengjunni, nánast í fjörunni. Er þar aðallega um að ræða sjávarútveg, útgerðir smærri og stærri báta. Þar er að finna bæði lítil og stór fiskverkunarhús, sum aðeins veiðarfærageymslur, en í öðrum er verkaður fiskur, t.d. saltfiskur og harðfiskur. Þetta eru yfirleitt svonefndir trillukarlar, eða þá þeir útgerðamenn sem gera aðeins út einn bát. Aðalatvinnu-rekendunum á báðum stöðunum er það sameiginlegt að þeirra starfssemi fer að mestu fram í eða við "miðbæjar" kjarnann. Á Búðareyri er það Kaupfélag Héraðsbúa og á Eskifirði Hraðfrystihús Eskifjarðar.

Mynd 4

Landnýting á Eskifirði

1945




- | | | | |
|---|-------------------|---|------------------|
|  | Byggð |  | Íþróttav. o.p.h. |
|  | Opinb. bygging |  | Tún |
|  | Viðskipti |  | Ógróið land |
|  | Fiskverkun o.p.h. | | |











E.B.maí 1979

Mynd 5

Landnýting á Eskifirði
1978



- | | | | |
|---|-------------------|---|------------------|
|  | Byggð |  | Íþróttav. o.þ.h. |
|  | Opinb. bygging |  | Tún |
|  | Viðskipti |  | Ógróið land |
|  | Fiskverkun o.þ.h. |  | Gróið, órækt. l. |

0 500 m

E.B. maí 1979

3.2 Mannfjöldi við Reyðarfjörð

Á árunum 1945 - 1978 hefir íbúum í sveitunum fækkað og bæjum í byggð einnig. Þrátt fyrir það er ekki að sjá, skv. loftmyndum frá þessum tíma, að tún hafi minnkað. Heldur virðist sem þeir bændur sem eftir sitja nytji lönd þeirra sem flytja burt.

Talsverðar breytingar hafa orðið á mannfjölda í þessum byggðarlögum 1945 - 1978. Fólki hefur fjölgað um tæplega fjórðung á þessum árum, úr rúmlega 1400 í tæplega 1800 (mynd 6).

Eins og þegar er sagt hefir fólki fækkað mjög í sveitum og er nú meira en helmingi færra en það var 1945 (tafla 4). Þá bjó nær fjórðungur fólks á svæðinu í sveit en nú einungis 5,7%.

TAFLA 4

Fólksfjöldi í sveitum og þéttbýli við Reyðarfjörð 1945 og 1978


	1945		1978	
	sveitir	þéttb.	sveitir	þéttbýli
Helgustaðahreppur	136		36	
Eskifjörður		720		1041
Reyðarfjörður	120	387	45	652
Fáskrúðsfjörður	76		24	
Samtals	332	1107	105	1693
%	23,1	76,9	5,7	94,3
Íbúafjöldi alls	1439		1798	

Heimild: Hagstofa Íslands 1945 - 1978.

Íbúum þéttbýlisstaðanna hefir fjölgað til muna eða úr tæplega 1100 í nær 1700 og eru nú 94,3% íbúa við Reyðarfjörð.

Á sama tíma fjölgaði Íslendingum um 70%, svo að mannfjölgun við Reyðarfjörð er mun minni en fjölgun í landinu (mynd 7).

Fjöldi íbúa




- 1. Reyðarfj. hr. sveit
- 2. Helgustaðahr.
- 3. Fáskrúðsfj. hr. að Reyðarfirði

Heimild: Hagstofa Íslands
1952-1958

MYND 6

Mannfjöldi í sveitarfélögum við Reyðarfjörð 1945 - 1978



Heimild : Hagstofa Íslands
1952 - 1978

MYND 7

Íbúar við Reyðarfjörð sem hlutfall af íbúafjölda landsins 1945 - 1978

4 SNJÓFLÓÐ OG SKRIÐUFÖLL

Að undanförunu hafa snjóflóð og skriðuföll verið mjög til umræðu.

Þegar gera á landsnyttjaáætlun á grundvelli korts þarf að taka fullt tillit til þessara náttúruhamfara.

Snjóflóð og skriðuföll eru meðal þess sem valdið hafa mestu eigna- og manntjóni hérlendis, næst á eftir jarðeldum og jarðskjálftum.

Fram til þessa hefir lítið tillit verið tekið til snjóflóða og skriðufalla við skipulag byggða. Ekki er ljóst hvað veldur þessu. Ef til vill ræður þar mestu hugsunarleysi þeirra sem um þau mál fást, eða að menn hafi talið að þar sem fallið hefir skriða eða snjóflóð sé minni hættu á að slíkt endurtaki sig. Hið gagnstæða er þó raunin því oft verða þessi ofanföll á sama stað aftur og aftur. Það verður því að teljast hygginna manna háttur að leita upplýsinga um hvar hættan liggi grafin er verið er að skipuleggja byggð og reyna síðan að forðast þá staði við skipulagningu. Ólafur Jónsson (1957) hefir tekið saman gagnmerkt rit um skriðuföll og snjóflóð hérlendis. Fjallar hann þar um afleiðingar og orsakir þeirra og varnir gegn þeim. Vísast til rits hans um það efni.

Skriðuhlaupum hér á landi skiptir Ólafur í eftirtalda flokka:

1. Framhlaup. Stórar bergfyllur renna eða springa fram og hrynja.
 - a. Framhlaup úr fjallsendum eða hornum milli tveggja dala.
 - b. Framhlaup úr fjallabrúnum eða fjallahlíðum.
2. Ruðningsskriður. Þær verða í muldum og lausum jarðefnum.
 - a. Jarðskriður.
 - b. Mulningsskriður.
3. Hrun. Stærri eða minni stykki losna úr föstu bergi.
 - a. Bríkur og bergspildur.
 - b. Steinkast.

Flokkunin er með ítarlegri skýringum en hér eru birtar. Algengasta tegund við Reyðarfjörð eru ruðningsskriður sem oft falla eftir langvarandi rigningar.

Snjóflóðum er einnig skipt í flokka. Sú flokkun sem hér er notuð er fengin úr grein um snjóflóð og snjóflóðavarnir eftir Eðvarð Árnason (1957).

- A. Yfirborðssnjóflóð (Oberlawinen). Myndast þegar nýlegt snjólag, sem liggur á eldra snjólagi (oft hjarni), losnar og rennur af stað.
- B. Þyrilflóð, (kófflóð), (Staublawinen). Snjóflóð sem myndast af lausamjöll, sérstaklega í þurru og köldu veðri, verða mjög fljótt að þyrilflóðum, ef brautarhallinn er yfir 30°.
- C. Djúpflóð (Grundlawinen eða Bodenlawinen). Snjórinn sverfur alveg niður í jörð og flóðin rífa jafnvel grjót og önnur jarðefni með sér. Snjórinn er venjulega þungur. Stundum krap.

Ýmislegt hefir verið gert til þess að komast fyrir um afl snjóflóða og er bent á ofanefnda grein til fróðleiks um það efni.

4.1 Snjóflóð

Í riti Ólafs Jónssonar (1957) er annáll snjóflóða. Úr honum var dregin saman tafla um snjóflóð við Reyðarfjörð (tafla 5). Taflan nær yfir nokkru stærra svæði en svæði það sem fjallað er um í þessari skýrslu. Í töflunni koma fram eftir talin atriði: dagsetning, staður, en hans er ekki ávallt getið nákvæmlega heldur aðeins nefnt bæjarnafn, gerð snjóflóðsins sé hægt að meta hana samanber flokkunina hér að framan, manntjón í þeim flóðum sé þess getið og loks eignatjón eins og því er lýst. Þar er þó reynt að draga sem mest saman. Þá eru upplýsingarnar af töflunni færðar inn á kort (mynd 8) það sem það nær, með tilvísunartölu.

Samkvæmt töflu 5 hafa fallið 23 snjóflóð sem valdið hafa einhvers konar tjóni á svæðið frá 1642 - 1948. Alls hafa farist í þessum snjóflóðum 16 manns og töluvert eignatjón hefir orðið í 15 snjóflóðum. Eflaust hafa orðið fleiri snjóflóð en þau sem hér er getið en þá hafa þau ekki valdið umtalsverðu tjóni eða skaða.

TAFLA 5

Snjóflóð við Reyðarfjörð. Númer vísa til myndar 8

Dagsetning	Staður	Númer	Gerð	Manntjón	Eignatjón
25.03. 1642	Kolmúli	1	-	1	
09.11. 1796	Vattarnes		-	2	30 sauðir fórust
02.02. 1823	Reyðarfj.	-	-	1	
06.12. 1823	Vöðlar	-	-	1	
28.02. 1831	Karlsskáli	2	-	1	
28.03. 1842	Karlsskáli	2	-	1	
21.11. 1849	Klofi Efj.	3	C	4	Eyðil. íbúðarhús
23.10. 1851	Áreyrar	4	-	1	
20.03. 1877	Hjálpleysa	-		1	
02.02. 1883	Reyðarfj.	-			Setti hús á haf út
23.02. 1904	Helgust.	5	C		Eyddi 1/3 af túni, braut hlöðu, fjárhús, mylluhús og hjall og drap níu kindur
23.02. 1904	Breiðavík		C		Braut þrjá báta
23.02. 1904	Óviss				Braut tvo báta
23.02. 1904	Eskifj.	6	C		Skemmdi hey og matvæli
23.02. 1904	Hólmar	7	C		Skemmdi tvö hús og girðingu
23.02. 1904	Kollaleira	8	C		Braut hlöðu og skemmdi hey
23.02. 1904	Skriður	9	-		Braut 14 stór tré í Lagarfljótsbrú
05.04. 1905	Hallsteinsdalsvarp			2	
16.03. 1919	Strönd	10	C	1	Eyðil. íbúðarhús
16.03. 1919	Eskifj.	11	C		Eyðil. hlöðu, hjall og steinsteypt fjós dnap tvær kýr, tvær kindur og kálf, skemmdi íb. hús í smíðum
16.03. 1919	Utan við Eskifj.	12	C		Eyðil. sjóhús
16.03. 1919	Hrúteyri	13	C		Skemmdi hús
jan. 1948	Fagrid.	14	C		Braut 10 símast.

Alls 23 snjóflóð

16

1) auk myndar 8 vísast til myndar 9 um snjóflóð á Eskifirði.


Þegar tafla 5 er athuguð kemur í ljós að fjögur snjóflóð hafa fallið á Eskifjörð. Þrjú af þeim hafa fallið á svæðið rétt innan Grjótár og skammt út fyrir Lambeyrará. Útbreiðsla þessara flóða er sýnd á mynd 9. Athyglisvert er að þessi flóð hafa fallið á þann hluta bæjarins þar sem byggðin hefir verið að þenjast út og á helsta athafnasvæðið. Í einu þessara flóða fórust fjórir menn og er nánari frásögn af þeim mannskaða í riti Ólafs Jónssonar.

Þá vekur það og athygli, séu þéttbýlisstaðirnir Eskifjörður og Búðareyri bornir saman, að engum sögum fer af snjóflóðum á eða við Búðareyri. Ef bornir eru saman staðhættir þá er þetta nokkuð augljóst. Byggðin á Eskifirði er utan í brattri fjallshlíð og hefir færst æ lengra upp í hliðina og verður það að teljast varasamt en byggðin á Búðareyri er á eyri fjarri bröttum fjallshlíðum.

4.2 Skriðuföll

Ýmiskonar skriðuföll hafa verið algeng víða við Reyðarfjörð. Oftast má rekja þau til langvarandi rigninga. Þótt þau séu tíð þá er erfitt að henda reiður á fjöldanum. Þessi skriðuföll hafa valdið töluverðu tjóni og þá eingöngu eignatjóni. Hér verður hafður sami háttur á og varðandi snjóflóðin og sett upp tafla sem sýnir skriðuföll skv. riti Ólafs Jónssonar (1957). Annáll hans um skriðuföll á Reyðarfjarðarsvæðinu getur ekki um skriðuföll fyrr en 1906 (tafla 6). Öll eru skriðuföllin sem hér greinir af gerðinni ruðningsskriður (R), sbr. flokkunina hér að framan. Í töflunni kemur fram eftirfarandi: dagsetning, staður eftir því sem honum er lýst og er þá vísað til myndar 8, gerð og tjón. Á mynd 8 eru skriðufallastaðir merktir með númeri eins og snjóflóðastaðir og einnig eru afmörkuð þau svæði sem skriður falla helst á. Hér eru vatnsflóð, sem stafa af vatnavöxtum í ám, einnig færð sem skriðuföll, enda er nokkuð erfitt að greina þar á milli. Þá er og rétt að vísa til myndar 9, en á henni er að finna útbreiðslu aurflóða er urðu á Eskifirði 24. - 30. júlí 1940.

Sníjóflióð og skriðuföll við Reyðarfjörð



TAFLA 6

Skriðuföll við Reyðarfjörð. Númer vísa til myndar 8

Dagsetning	Staður	Númer	Gerð	Eignatjón
24.07. 1906	Hólmat.	1	R	Braut 1 - 2 símast. bát á Eskif. og skemmdi þar bryggju
15.09. 1935	Eskif.	2	R	
16.09. 1936	Víða við Rfj.			
01.09. 1937	Hólmat.	1	R	Skemmdi vegi, engi og tún
24. - 30.07. 1940	Eskif.	2	R	Eyðil. þrjú hús, fiskreiti fullverkaðan saltfisk kálgarða og fl.
25.09. 1941	Rfj. Eskif.		R	Vegaskemmdir víða milli Ef. og Rfj.
25.09. 1941	Fagrid.	3	R	Vegaskemmdir
10.10. 1941	Grænafell	4	R	Vegaskemmdir
05. - 07.08. 1946	Víða við Rfj.		R	Vegaskemmdir
05. - 07.08. 1946	Víða við Efj.		R	Vegaskemmdir
10.07. 1950	Fagrid.	3	R	Vegaskemmdir
14. - 15.07. 1950	Hólmat.	1	R	Meira en 30 skriður vegask. á stórum köflum
14. - 15.07. 1950	Hólmar	5	R	Fjórar skriður, skemmdu hús, vélar og tún
14. - 15.07. 1950	Grænaf.	4	R	Vegaskemmdir
19.08. 1950	Grænaf.	4	R	Meira en 20 skriður vegaskemmdir
19.08. 1950	Eskif.	2	R	Vegir og hús
20.09. 1953	Hólmat.	1	R	Skemmdir á vegi milli Eskifj. og Reyðarfj.
20.09. 1953	Hólmar	5	R	Skemmdir 2 - 3 ha. túns
20.09. 1953	Borgir	6	R	Skemmdur vegur og tún
20.09. 1953	Grænaf.	4	R	Vegur tepptist

Heimild: Ólafur Jónsson 1957.


Af töflunni kemur það fram að helstu skriðufallastaðirnir eru Hólma-
tindur á stóru svæði milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, undir Græna-
felli og hlutar Eskifjarðar, þ.e. næstum sömu staðir og snjóflóðin þar
falla á (mynd 9).

4.3 Á að taka tillit til snjóflóða og skriðufalla við skipulag bæja?

Tvímælalaust ber að taka tillit til þessara náttúruhamfara þegar byggðir eru skipulagðar. Eins og þegar er sýnt fram á hefir nokkuð skort á í því efni, sérstaklega á Eskifirði. Þar hefir byggðin teygst upp eftir fjallshlíðunum og stæðstu atvinnufyrirtækin eru á tungu þar sem snjóflóð og aurflóð hafa valdið miklum spjöllum á umliðnum árum. Þrátt fyrir að þetta sé kunnugt þá hafa skipulagsyfirvöld ekki tekið tillit til þess að neinu sérstöku leyti. Þetta kemur sérstaklega vel í ljós ef mynd 9 er borin saman við mynd 5.

Mynd 9

Ofanföll á Eskifirði



5 NIÐURSTÖÐUR

Tölulegar niðurstöður í meðfylgjandi töflum eru birtar með fyrirvara um nákvæmni mælinga. Niðurstöðurnar eru í töflum 7 - 13. Helstu niðurstöður eru: Byggðin er að mestu leyti norðan megin fjarðanna. Ræktað land undir 200 m er aðeins um tíundi hluti lands og þéttbýlisland um 1 hundraðshluti. Töluvert land er nýtilegt fyrir byggingar og/eða til ræktunar umfram það sem nú er.

Hluti svæðisins er friðlýstur eða um 2,5% lands undir 200 metrum. Settar hafa verið fram hugmyndir að enn frekari friðun og eru þau svæði sem til umræðu hafa komið færð inn á kortið á mynd 1.

Á næstu síðum eru töflur með niðurstöðum úr mælingum á landnýtingu og landgreiningu við Reyðarfjörð eftir umdæmum og svo loks samantekið.

TAFLA 7

Flatarmál sveitarfélaganna við Reyðarfjörð

	Flatarmál		
		þar af undir 200 m	
	km ²	km ²	%
Helgustaðahr.	54,0	16,7	30,9
Eskifjörður	78,0	12,3	15,8
Reyðarfj. hr.	228,6	46,1	20,1
Fáskrúðsfj. hr.	53,6	22,1	41,2
Alls	414,2	97,2	23,5

TAFLA 8

Landnýting og landgreining í Helgustaðahreppi 1978^{Ⅹ)}

Flokkur	Hektarar	% af flatarmáli	% af flatarmáli undir 200 m
Þéttbýli	-		
Athafnasvæði	-		
Ræktað land	245	4,5	14,7
Mólendi	452,5	8,4	27,2
Graslendi	117,5	2,2	7,1
Votlendi	27,5	0,5	1,7
Kjarr	-		
Friðlýst svæði	-		
Gróðurlítið land	525	9,7	31,5
Klettur	-		
Urðir, grjót og			
Skriður	200	3,7	12,0
Melar	90	1,7	5,4
Sandar			
Áreyrar	12,5	0,2	0,7
Samtals	1670,0	30,9	100,0

Ⅹ) Því landi sem liggur að Reyðarfirði

TAFLA 9

Landnýting og landgreining í Eskifirði 1978

Flokkur	Hektarar	% af flatarmáli	% af flatarmáli undir 200 m
Péttbýli	32,5	0,4	2,6
Athafnasvæði	22,5	0,3	1,8
Ræktað land	25,0	0,3	2,0
Mólendi	505,0	6,4	41,0
Graslendi	202,5	2,6	16,4
Votlendi	27,5	0,4	2,2
Kjarr	-		
Friðlýst svæði	95,0	1,2	7,7
Gróðurlítið land	102,5	1,3	8,3
Klettar	117,5	1,5	9,5
Urðir, grjót og			
Skriður	32,5	0,4	2,6
Melar	42,5	0,6	3,4
Sandar	-		
Áreyrar	20,0	0,3	1,6
Námur	-		
Ár, vötn og lón	7,5	0,1	0,6
Alls	1232,5	15,8	100,0

TAFLA 10

Landnýting og landgreining í Reyðarfjarðarhreppi 1978

Flokkur	Hektarar	% af flatarmáli	% af flatarmáli undir 200 m
Déttbýli	40	0,2	0,9
Athafnasvæði	15	0,1	0,3
Ræktað land	475	2,1	10,3
Mólendi	710	3,1	15,4
Graslendi	670	2,9	14,5
Votlendi	217,5	0,9	4,7
Kjarr	212,5	0,9	4,6
Friðlýst svæði	150	0,7	3,3
Gróðurlítið land	777,5	3,4	16,9
Klettar	737,5	3,2	16,0
Urðir, grjót og			
Skriður	312,5	1,4	6,8
Melar	125	0,5	2,7
Sandar	-		
Áreyrar	157,5	0,7	3,4
Námur	10,0	0,04	0,2
Ár, vötn og lón	-		
Alls	4610	20,1	100,0

TAFLA 11

Landnýting og landgreining í Fáskrúðsfjarðarhreppi 1978^{X)}

Flokkur	Hektarar	% af flatarmáli	% af flatarmáli undir 200 m
Þéttbýli			
Athafnasvæði			
Ræktað land	282,5	5,3	12,8
Mólendi	80,0	1,5	3,6
Graslendi	247,5	4,6	11,2
Votlendi	82,5	1,5	3,7
Kjarr			
Friðlýst svæði			
Gróðurlítið land	1050	19,6	47,6
Klettur	62,5	1,2	2,9
Urðir, grjót og			
Skriður	362,5	6,8	16,4
Melar	10	0,2	0,4
Sandar	22,5	0,4	1,0
Áreyrar	7,5	0,1	0,4
Námur	-		
Ár, vötn og lón			
Alls	2207,5	41,2	100,0

X) Því landi, sem liggur að Reyðarfirði

TAFLA 12

Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978

Flokkur	Hektarar	% af flatarmáli	% af flatarmáli undir 200 m
Þéttbýli	72,5	0,2	0,7
Athafnasvæði	37,5	0,1	0,4
Ræktað land	1027,5	2,5	10,6
Mólendi	1747,5	4,2	18,0
Graslendi	1237,5	3,0	12,7
Votlendi	355,0	0,9	3,7
Kjarr	212,5	0,5	2,2
Friðlýst svæði	245,0	0,6	2,5
Gróðurlítið land	2455,0	5,9	25,3
Klettur	917,5	2,2	9,4
Urðir, grjót og			
Skriður	907,5	2,2	9,3
Melar	267,5	0,6	2,8
Sandar	22,5	0,1	0,2
Áreyrar	197,5	0,5	2,0
Námur	10,0	-	0,1
Ár, vötn og lón	7,5	-	0,1
Samtals	9720,0	23,5	100,0

TAFLA 13

Landnýting og landgreining við Reyðarfjörð 1978, eftir aðalflokkum

Aðalflokkur	Hektarar	% af flatarmáli	% af landi undir 200 m
Þéttbýlisland	110	0,3	1,1
Gróið land	4580	11,1	47,1
Friðlýst land	245	0,6	2,5
Gróðurlítið land	2455	5,9	25,3
Gróðurlaust land	2322,5	5,6	23,9
Ár, vötn og lón	10,0	-	0,1
Samtals	9720,0	23,5	100,0

LOKAORÐ

Það þykir kurteisi að þakka fyrir sig. Þar sem þessari skýrslu er lokið vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn og aðstoðað við gerð hennar. Sérstaklega þakka ég Gylfa Má Guðbergssyni, dósent við H.Í., ánægjulegt og gott samstarf, allar ábendingar og leiðsögn. Þá færi ég samstarfsfólki mínu á Raforkudeild Orkustofnunnar og þeirri stofnun þakkir fyrir veitta aðstoð og gögn, en heimildasöfnun fór fram á kostnað Raforkudeildar OS. á síðastliðnu hausti.

Að lokum er að vona að þetta verkefni verði einhverjum einhvern tíma að gagni.

Reykjavík, 19. maí 1978

Emil Bóasson

Emil Bóasson.

HEIMILDASKRÁ

- Anderson, J.R. 1977: Land use and land cover changes - a framework for monitoring. Jour. Research U.S. Geol. Survey, 5, 143 - 153.
- Anderson, J.R., Hardy, E.E., Roach, J.T. & Witmer, R.E. 1976: A Land Use and Land Cover Classification System for Use with Remote Sensor Data. Washington, Geological Survey Professional Paper 964, 28 s.
- U.S. Army Map Service 1949: A.M.S. Series C762, Sheet 6221 I, Búðhir. Washington, Corps of Engineers, U.S. Army Map Service.
- U.S. Army Map Service 1949: A.M.S. Series C762, Sheet 6222 II, Búðhareyri. Washington, Corps of Engineers, U.S. Army Map Service.
- U.S. Army Map Service 1949: A.M.S. Series C762, Sheet 6321 IV, Kolfreyju-stadhur. Washington, Corps of Engineers, U.S. Army Map Service.
- U.S. Army Map Service 1949: A.M.S. Series C762, Sheet 6322 III, Neskaup-stadhur. Washington, Corps of Engineers, U.S. Army Map Service.
- Eðvarð Árnason 1957: Snjóflóð og snjóflóðavarnir. T.V.F.í., 42, 83 - 89.
- Emil Bóasson & Sigríður Hauksdóttir 1978: Iðjussvæði. Frumathuganir á staðarvali til iðnreksturs. Orkustofnun, OS-ROD-7833, 30 s.
- Eysteinn Jónsson & Árni Reynisson 1978: Friðlýstir staðir á Íslandi og náttúruminjaskrá í apríl 1978. Reykjavík, Náttúruverndarráð, 17 s.
- Eysteinn Jónsson, Jónas Jónsson, Haukur Ragnarsson, Ingvi Þorsteinsson, Pálmi Jónsson, Sigurður Blöndal & Þorvaldur G. Jónsson 1974: Landgræðsluáætlun 1974 - 1978. Reykjavík, Landbúnaðarráðuneytið, 211 s.
- Fitzpatrick-Lins, K. 1978: Accuracy and consistency comparisons of land use and land cover maps made from high-altitude photographs and LANDSAT multispectral imagery. Jour. Research U.S. Geol. Survey, 6, 23 - 40.
- Geodætisk Institut 1970: Atlasblað 114, Gerpir. Reykjavík, Landmælingar Íslands.
- Geodætisk Institut 1972: Aðalkort, blað 8, Miðausturland. Landmælingar Íslands.
- Hagstofa Íslands 1952: Mannfjöldaskýrslur árin 1941 - 1950, Hagstofa Íslands, 132 s.
- Hagstofa Íslands 1963: Mannfjöldaskýrslur árin 1951 - 1960, Hagstofa Íslands, 92 s.
- Hagstofa Íslands 1975: Mannfjöldaskýrslur árin 1961 - 1970, Hagstofa Íslands, 140 s.


- Hagstofa Íslands: Íbúaskrár fyrir Helgustaðahrepp, Eskifj., Reyðarfjarðarhr. og Fáskrúðsfjarðarhr. 1952 - 1978, Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands 1979: Mannfjöldi 1. des. hvert áráanna 1971 - 1980 eftir umdæmum (handrit, óútgefið) Hagstofa Íslands.
- Hagvangur 1975: Austurlandsáætlun fyrri hluti. Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanaeild, 388 s.
- Hjörleifur Guttormsson 1974: Austfjarðafjöll. Árbók Ferðafélags Íslands 1974, 187 s.
- Int. Geographical Union 1976: World land use survey. Geographical Helvetica nr. 1 - 1976.
- Landmælingar Íslands 1945: Loftljósmyndir 51 - 54/1219/II/I
- Landmælingar Íslands 1945: Loftljósmynd 57/1219/II/I
- Landmælingar Íslands 1945: Loftljósmyndir 108 - 112/1220/II/I
- Landmælingar Íslands 1945: Loftljósmynd 1/1224/II/I
- Landmælingar Íslands 1945: Loftljósmynd 6/1224/II/I
- Landmælingar Íslands 1967: Loftljósmyndir 683 - 685
- Landmælingar Íslands 1974: Loftmynd 6233 D
- Landmælingar Íslands 1974: Loftmynd 6235 D
- Landmælingar Íslands 1975: Loftmyndir 9412 - 9420 D
- Landmælingar Íslands 1977: Loftmyndir 553 - 557 F
- Menntamálaráðuneytið 1973: Auglýsing um fólkvang og friðland á Hólmanesi, Stj. tíð. B, nr. 393/1973.
- Menntamálaráðuneytið 1975: Auglýsing um friðlýsingu silfurbergsnámu að Helgustöðum, Suður-Múlasýslu. Stj. tíð. B, nr. 525/1975.
- Náttúruverndarsamtök Austurlands - NAUST, 1973: Drög að náttúruminja-skrá fyrir Austurland, Neskaupstað, Náttúruverndarsamtök Austurlands, 7 s.
- Ólafur Jónsson 1957: Skriðuföll og snjóflóð. Akureyri, Bókaútgáfan Norðri, bindi I 586 s. bindi II 555 s.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1966 - 1977: Ýmis gróðurkort, gefin út af Menningarsjóði og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.
- Stefán Einarsson 1955: Austfirðir sunnan Gerpis. Árbók Ferðafélags Íslands 1955. 121 s.
- Takasaki 1976: Grein í World land use survey, Geographical Helvetica nr. 1. 1976, 13 - 17.
- Todd, W.J. 1977: Urban and Regional Land Use Change Detected by Using LANDSAT data. Jour. Research Geol. Survey, 5, 529 - 534.
- Unnar Stefánsson (ritstj.) 1973: Landnýting (23 höfundar) Reykjavík, Landvernd, 280 s.

Þorleifur Einarsson 1968: Jarðfræði. Saga bergs og lands. Reykjavík,
Mál og menning, 335 s.

Þorleifur Einarsson 1971: Jarðfræði. Reykjavík, Heimskringla, 254 s.

Þorvaldur Thoroddsen 1931: Lýsing Íslands (fyrsta bindi), 2. útg,
Reykjavík, Sjóður Þorvaldar Thoroddsen, 368 s.

LANDNÝTING OG LANDGREINING VIÐ REYÐARFJÖRÐ 1978



SKÝRINGAR Landnýting og landgreining

Péttyli	Ræktað land	Fríðlyst svæði	Urðir, grjót, skriður	Ar, lón, vötn
Athafnasvæði	Graslandi	Æskilad fríðlýsa	Melar	Vegur
Opinber bygging	Mólendi	Fríðlystur staður	Sandar	100 m hæðarlína
Bær	Votlendi	Gróðurlitid land	Áreyrar	Hreppamót
Eyðibýli	Kjarr	Klettur	Námur	Mörk svæðis

ATH.
Kort þetta var teiknað áður en samræmd tákni voru tekin upp

Mælikvarði 1:50.000

